

# Skólastefna Seyðisfjarðarkaupstaðar



## *Í hverju barni býr fjársjóður*

Ávallt skal haft að leiðarljósi að starfsumhverfi menntastofnana bæjarins sé **jákvætt, metnaðarfullt og hvetjandi**. Það einkennist af **skapandi og gagnrýnni** hugsun. Skólastarfi í bænum byggir á **lausnamiðaðri nálgun, góðri samvinnu, lýðræði og jafnrétti** og nýti sér **fjölbreytileikann** sem er til staðar í menningu, náttúru og mannlífi staðarins.

Hlutverk skólans er í samvinnu við heimilin að mennta **ábyrga, hæfa og skapandi** einstaklinga sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags, ábyrgð á eigin lífi og stundað frekara nám.

## **Börn · nám · samfélag**

Skólinn er til vegna barnanna en ekki börnin vegna skólans. Velferð og hagsmunir barna skuli ávallt hafðir að leiðarljósi í öllu skólastarfi með það fyrir augum að stuðla að alhliða þroska, ábyrgð og sjálfsþekkingu. Til að skólastarfið skili árangri skal áhersla lögð á góða samvinnu við foreldra svo og samstarf barna og starfsfólks. Unnið skal markvisst að því að byggja börnin upp og efla þau til sjálfsábyrgðar og sjálfsþekkingar með kennslu í gagnrýnni og skapandi hugsun.

- **Börnin takist á við fjölbreytt viðfangsefni og verkefni sem stuðla að alhliða þroska þeirra**
  - Virk samvinna sé innan og milli skólastiga til að tryggja að börnin geti stundað nám í samræmi við þroska og getu.
  - Stuðlað sé að félagsfærni og jákvæðri sjálfsmynd hjá börnunum.
  - Virkt samstarf skal vera milli samfélags og fagaðila um forvarnir til að stuðla að góðri lýðheilsu.

- **Lögð verði áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám 1) með áherslu á styrkleika hvers og eins barns**
  - Kennarar velji námsleiðir, kennslu- og námsaðferðir sem og námsgögn í samræmi við þarfir barnanna, skólastefnu og aðalnámskrá.
  - Börn setji sér markmið, geri áætlanir og meti árangur til skemmri og/eða lengri tíma í samvinnu við kennara og foreldra.
  - Skólastarf sé sveigjanlegt og skapandi og bjóði hverju barni upp á nám við hæfi.
  - Boðið verði upp á öflugt og frjótt listnám í samstarfi við skapandi starfsemi í bæjarfélaginu.
  - Skólastarfið einkennist af fjölmennigarlegum kennsluháttum 2).

**1) Einstaklingsmiðað nám** - Byggir á áhugahvöt hvers nemanda, námslegri stöðu hans og námsstíl og gerir ráð fyrir að kennarinn gangi út frá þessum þáttum þegar hann skipuleggur kennslu sína. Jafnvægis skal gætt milli þarfa einstaklinga og þarfa hópsins og samræma það námskrá.

**2) Fjölmennigarlegir kennsluhættir** - Kennarar hafa á valdi sínu fjölbreyttar kennsluaðferðir og haga kennslu sinni þannig að hún bæti árangur nemenda frá ólíkum menningarhópum. Hugtakið vísar til þess að kennarar þekki til margra námsaðferða sem nemendur geta beitt og hefur beina tengingu við umfjöllun um námsstíla nemenda.





## Mannauður og umhverfi

Skólinn er lærdómssamfélag 3) sem þróar eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag. Hann er byggður upp á mannauði, aðstöðu og umhverfi sem saman skapa grundvöll fyrir öflugt skólastarf. Það er nauðsynlegt að starfsfólki sé gert kleift að þróast í starfi og að faglegur metnaður sé í hávegum hafður. Því skal húsnæði og aðstaða vera til fyrirmyndar. Einnig er mikilvægt að nánasta umhverfi sé nýtt á virkan hátt í lærdómsferlinu, að börnin fái sem mest út úr því umhverfi sem umlykur skólastarfið, þekki sögu þess og mikilvægi.

- **Hæft og ánægt starfsfólk - fagleg forysta**
  - Árlega fari fram starfsmannasamtöl og innri endurskoðun á verkferlum og þróun skólans.
  - Tryggja skal jafnrétti meðal starfsmanna og vinna eftir jafnréttisáætlun kaupstaðarins.
  - Starfsfólki standi til boða sérfræðiráðgjöf og stuðningur frá Skólaskrifstofu eða öðrum til þess bærum aðilum.
  - Stuðlað verði að líkamlegri og andlegri velferð starfsmanna.
  - Sveitarfélagið nýti krafta listamanna sem og annarra fagstétta sem búsettar eru á Seyðisfirði í fræðslustarfi skólans.
- **Markviss stjórnun sem byggir á skýrri stefnu, gögnum og nýjustu þekkingu**
  - Stjórnun einkennist af faglegri forystu 4) á öllum sviðum og lýðræðislegum starfsháttum.
  - Verkferlar í þjónustu verði skilgreindir og þar með mannaflapörf. Aðgerðaáætlanir séu skýrar og tryggt að þeim sé framfylgt.
  - Fræðslunefnd komi upp virku eftirliti og ytra mati og styðji við framkvæmd innra mats.
  - Eftirliti og mati sé fylgt eftir með gerð og framkvæmd umbótaáætlana og árangur þeirra mældur/metinn.
  - Sjálfstæði, ábyrgð og hlutverk stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna sé skilgreint.
  - Starfslýsingar fyrir öll störf liggja fyrir.
- **Gagnkvæm upplýsingamiðlun sé um stöðu nemenda, skólastarf og áætlanir**
  - Ákvarðanir fræðslunefndar og stjórnenda sem snúa að starfi eða skipulagi séu kynntar svo fljótt sem verða má.
  - Upplýsingaflæði sé gott og aðgengilegt öllum starfsmönnum skólans.
  - Leggja skal áherslu á gagnkvæma upplýsingamiðlun og samstarf milli foreldra og skóla.
- **Starfsmönnum og nemendum verði tryggður aðgangur að fullnægjandi starfsaðstöðu sem tekur mið af kröfum aðalnámskráa leik- og grunnskóladeilda og þörfum list- og verkgreinadeildar**
  - Núverandi húsnæði skólans verði nýtt eins vel og kostur er og séð til þess að það standist nútímakröfur um skólahúsnæði.
  - Aðgengi fatlaðra að skólahúsnæði kaupstaðarins sé tryggt.
  - Viðhald húsnæðis og búnaðar skal vera með fullnægjandi hætti.
  - Öryggi nemenda fyrir umferð ökutækja við skólahúsnæði sé tryggt.

---

**3) Lærdómssamfélag** - einkennist af samstarfi og eindrægni um stuðning við stöðugt nám bæði fullorðinna og nemenda, stöðugri áherslu á að allir nemendur nái árangri og árangursmiðuðum starfsháttum sem bæta vinnubrögð og drífa stöðugar umbætur áfram. Einn af grunnþáttum þess að það takist að koma á viðvarandi lærdómssamfélagi er að starfsmannahópurinn sé samvirkur. Samvirkni byggir á því að hver og einn leggi sitt af mörkum til að allir nemendur nái tilætluðum árangri og átti sig jafnframt á því að allir verða að leggja sitt af mörkum heildinni til framdráttar.

Lærdómssamfélagið er grundvallað á þeim gildum að gæði skóla eða fræðsluumdæmis verði aldrei meiri en hæfni kennara og stjórnenda gefur tilefni til. Að byggja upp faglega hæfni einstaklinga og hópa til að takast á við stöðugar umbætur er því hornsteinn lærdómssamfélagsins (Dufour og Fullan, 2013, bls. 1 - 28).

**4) Fagleg forysta** - Skólastjóri leitast við að móta sameiginlega sýn allra sem starfa í skólanum, leiðir nauðsynlegar breytingar og þróun í skólastarfi og leitast við að festa þær í sessi.

- **Heilsuefling, hreyfing og heilnæmt fæði**
  - Regluleg hreyfing og útivera skal vera ríkur þáttur af daglegu skólastarfi.
  - Börnum og starfsfólki sé boðið upp á hollar og staðgóðar máltíðir og nemendur taki þátt í undirbúningi máltíða og gerð matseðils.
  - Tryggt sé að starfsfólk og nemendur búi við heilnæmt starfsumhverfi.
  
- **Skólastarf taki mið af sérstöðu umhverfisins og sögu svæðisins**
  - Stuðlað verði að virðingu barna fyrir umhverfi sínu, þau þekki sögu og sérstöðu bæjarins og umgangist hann með sjálfbærni 5) að leiðarljósi.
  - Börnin fái að kynnast fyrirtækjum sveitarfélagsins og því starfi sem unnið er í bænum.
  - Náttúra og umhverfi sé fléttað inn í skólastarfið og útikennslustofa sé nýtt á virkan hátt.

**5) Sjálfbærni** - Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.



## Starf í stoðdeild

Skólinn bjóði upp á viðeigandi stoðþjónustu og stuðning miðað við þarfir einstakra barna og starfsfólks skólans á hverjum tíma. Stuðlað verði að þverfaglegri samvinnu í stoðþjónustunni til stuðnings nemendum og kennurum. Þegar þörf fyrir sérúrræði fyrir barn er metin skal ávallt horfa til heildaraðstæðna barnsins, því ytri aðstæður geta haft áhrif á þörf fyrir sérúrræði.

- Boðið verði upp á sérkennslu sem mætir þeirri þörf sem er til staðar.
- Tryggt verði að ávallt sé aðgengi að náms- og kennsluráðgjafa.
- Tryggður verði aðgangur að sálfræðiþjónustu, kennsluráðgjöf, iðjuþjálfun og öðrum viðeigandi stuðningsúrræðum í virku samstarfi við skólaskrifstofu eða aðra þar til bæra aðila.
- Undir stoðdeild heyra skólahjúkrun, mötuneyti og umsjón húsa.
- Bókasafn og tölvuver bjóði uppá þjónustu í samræmi við þarfir og kröfur skólasamfélagsins.

## Starf í grunnskóladeild

Skólinn bjóði uppá fjölbreytt nám og kennsluhætti sem henta ólíkum þörfum í breiðum nemendahópi með það að leiðarljósi að styrkja hæfileika þeirra og sjálfsmynd. Inntak skólastarfsins skal vera merkingarþætt og áhugavert, reyna á getu hvers og eins og stuðla að metnaði allra sem að því koma.

- Unnið skal eftir áætlun um jafnrétti og nemendalýðræði og lögð áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun.
- Þróa skal áfram kennslu í samskiptatækni, sjálfsrýni og fjármálalæsi.
- Lögð verði áhersla á list- og verkgreinar ásamt kennslu í menningarlæsi.
- Áhersla skal lögð á heilsueflingu, hreyfingu og heilnæmt fæði í mötuneyti skólans.
- Nota skal fjölbreytta mælikvarða og aðferðir við mat á námsárangri.

## Starf í leikskóladeild

Börnum skal gefast kostur á að þroskast og læra á eigin forsendum í öruggu umhverfi.

Þeim skal ávallt sýnd virðing og umhyggja í öllum aðstæðum daglegs lífs. Leggja skal áherslu á að hvetja börnin og fá þeim viðfangsefni sem styrkja sjálfsmynd þeirra.

- Öll börn með lögheimili á Seyðisfirði skulu hafa rétt á dvöl á leikskóla frá 12 mánaða aldri.
- Leggja skal áherslu á einstaklingsmiðað nám sem tekur mið af umhverfi skólans og framfarir metnar með fjölbreyttum aðferðum.
- Velliðan og velferð barna skal tryggð og byggist á styrkleikum þeirra og hæfni. Stuðla skal að jákvæðri sjálfsmynd þeirra.
- Leikskólaumhverfi skal vera fjölbreytt og ögrandi með áherslu á metnaðarfullt starf í sköpun, tjáningu og málörvun.

## Starf í list- og verkgreinadeild

Skólinn bjóði uppá metnaðarfullt nám í fjölbreyttum list- og verkgreinum. List- og verkgreinar verði fóstaraðar í deildinni en jafnframt verði boðið upp á viðbótarnám í fjölbreyttum list- og verkgreinum. Skólinn verði sýnilegur og virkur þátttakandi í listalífi bæjarins.

- Lögð verði áhersla á fjölbreytta list- og verkgreinakenndu sem stuðlar að því að nemendur geti þroskað listræna hæfileika sína.
- Nemendum verði búnað aðstæður til þróunar sköpunargáfu sinnar og aukinnar færni þeirra til að nota hana í leik og starfi.
- Hæfni nemenda til að skapa, flytja og njóta fjölbreyttra lista verði aukin.
- Efla skal samstarf við menningarstofnanir á Seyðisfirði í skólafarfinu.



Samþykkt af bæjarstjórn 23. júní 2016.